

**138. fundur Félagsmálanefndar Fjallabyggðar  
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði  
fimmtudaginn 9. júní 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Sæbjörg Ágústsdóttir, formaður, A lista,  
Friðþjófur Jónsson, aðalmaður, A lista,  
Ólafur Baldursson, varaformaður, D lista,  
Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir, aðalmaður, D lista,  
Ólöf Rún Ólafsdóttir, aðalmaður, H lista,  
Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar,  
Helga Helgadóttir, ráðgjafi félagsþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar.

**Fyrir var tekið:**

**1. Drengskaparheit um þagnarskyldu 2022-2026 - 2206011**

**Niðurstaða**

*Nefndarmenn undirrituðu drengskaparheit um þagnarskyldu með vísan í 28. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.*

**2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206012**

**Niðurstaða**

*Nefndin felur deildarstjóra að koma á framfæri við bæjarráð tillögum að orðalagsbreytingum á erindisbréfinu.*

**3. Kynning á starfsstöðvum og verkefnum félagsmáladeildar 2022 - 2206013**

**Niðurstaða**

*Lagt fram yfirlit yfir starfsemi og helstu verkefni félagsmáladeildar Fjallabyggðar.*

**4. Jafnréttisáætlun Fjallabyggðar 2022-2025 - 2204028**

**Niðurstaða**

*Lögð fram drög að endurnýjaðri jafnréttisáætlun og jafnréttisstefnu Fjallabyggðar. Umtalsverð breyting er á framsetningu áætlunarinnar m.v. fyrri áætlanir, sem skýrist fyrst og fremst af lagabreytingu jafnréttislöggjafarinnar sem samþykkt var á Alþingi 2020. Gert er ráð fyrir að uppfærð drög að Jafnréttisáætlun Fjallabyggðar verði lögð fram fyrir fund félagsmálanefndar í septembermánuði.*

**5. Breytt skipulag barnaverndar - 2112004**

**Niðurstaða**

*Deildarstjóri kynnti helstu breytingar í kjölfar lagabreytingar á barnaverndarlögum.*

**6. Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna - 2101038**

**Niðurstaða**

*Deildarstjóri kynnti helstu áherslur varðandi innleiðingarferli laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.*

**7. Málefni aldraðra - Sveigjanleg dagdvöl og dagþjálfun - 2109032**

**Niðurstaða**

*Deildarstjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins og helstu verkþáttum sem fram undan eru.*

**8. Samningar um samstarf sveitarfélaga - 1801083**

**Niðurstaða**

*Lögð fram til kynningar drög að samningi milli Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar um samráð og samstarf um félagslega þjónustu, sem bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti fyrir sitt leyti á fundi sínum þann 25. maí og sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 8. júní síðastliðinn.*

**9. Stafræn fjárhagsaðstoð - 2106044**

**Niðurstaða**

*Gert er ráð fyrir að innleiðingarferli á stafrænni lausn við umsóknarferli fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga verði lokið í júlímánuði. Lausnin felst í miðlægum hugbúnaði fyrir öll sveitarfélög sem tengist island.is.*

**10. Fundaráætlun félagsmálanefndar 2022 - 2206014**

**Niðurstaða**

*Félagsmálanefnd samþykkir að jafnaði verði nefndarfundir haldnir á fimmtudögum í fyrstu viku hvers mánaðar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.**

---

Sæbjörg Ágústsdóttir

---

Friðþjófur Jónsson

---

Ólafur Baldursson

---

Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir

---

Ólöf Rún Ólafsdóttir

---

Helga Helgadóttir